

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2022, þriðjudaginn 18. október, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Ernu Birgisdóttur og Gunnari Guðmundssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 9/2022:
Knattspyrnudeild Sindra, kt. 670591-2049
gegn
Knattspyrnufélaginu Hlíðarenda, kt. 440403-2390

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Sindra,
kt. 670591-2049
Hafnarbraut 15, 780 Hornafirði
Fyrirsvarsmaður: Margrét Kristinsdóttir

Kærði:

Knattspyrnufélagið Hlíðarendi
kt. 440403-2390
Lönguhlíð 7, 105 Reykjavík

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 9. september sl. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. sama dag. Greinargerð barst frá kærða þann 19. september sl.

Kröfur:

Kröfur kæranda eru að Knattspyrnufélagið Hlíðarendi verði gert ábyrgt fyrir framkomu sinni í og eftir leik Sindra og KH, 3. september og að félaginu verði gerð hæfileg refsing í samræmi við gr. 11.1, gr. 11.2 og/eða 12.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og þá eftir atvikum gr. 12.9 í síðastnefndri reglugerð auk 15. gr. reglugerðarinnar.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum úr leik liðanna er fram fór þann 3. september 2022 í Íslandsmóti karla, 3. deild með eftirfarandi hætti.

Í fyrsta lagi lét Hallgrímur Dan Daníelsson eftirfarandi orð falla í vitna viðurvist gegn starfsmanni í gæslu hjá Knattspyrnudeild Sindra: „*Djöfull vona ég að þú keyrir út af og lendir í bílslysi og drepist*“ Í slíkum ummælum felst beinlínis hótun og þau eru svo óafsakanleg að engar aðstæður eða upplifun réttlæta slíkan munnsöfnuð. Þá urðu hróp hans að starfsmanni Sindra þess valdandi að múgæsingur varð á boðvangi KH manna þar sem ókvæðisorð voru látin falla í garð starfsmanna Sindra sem voru ógnandi og til þess fallin að skapa ónot hjá öllum viðstöddum.

Eftir leikinn kemur til munnlegra og líkamlegra átaka inn á gangi íþróttahússins sem KH menn áttu upptök að þegar þjálfari KH sýnir ögrandi og ofsalega framkomu líkt og dómari leiksins greinir frá í skýrslu sinni. Við það espir hann upp leikmenn sína sem einnig taka þátt í þessari hegðun sem hefur alvarleg áhrif á utanaðkomandi aðila, líkt og húsvörð íþróttahússins. Mætti hér áætla að slík hegðun falli undir grein 4.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót sem og grein 12.9 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Auk þess teljum við að KH menn séu brotlegir við 15.gr reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, þar sem þeir spiluðu fyrir leik þjóðsöng Rússlands á miklum krafti sem hafði slæm áhrif á leikmann Sindra sem er með Litháenskt þjóðerni. Leikmaður sá hefur spilað með liðinu til fjölda ára og ætti það að vera leikmönnum annarra liða í deildinni fullkomlega kunnugt.

Síðast en ekki síst fóru leikmenn KH að yngri iðkendum Sindra sem sinntu skyldu boltasækjara á leiknum og sögðu þeim að í liði Sindra væri barnaníðingur og að þeir ættu að Googla það og sjá. Fyrir okkur er þetta grafalvarlegt og óafsakanleg hegðun í garð barna. Sama hversu mikill hiti myndast inn á vellinum að þá eigi aldrei, og við ítrekum, aldrei, undir nokkrum kringumstæðum að blanda börnum inn í það umhverfi.

III.

Hinu kærða félagi var gefinn kostur á að skila greinargerð og barst greinargerð frá félaginu þann 19. september sl.

Af hálfu hins kærða félags er gengist við þeim ummælum sem á félagið og þjálfara þess er borið gagnvart starfsmanni kæranda en því mótmælt að í þeim hafi falist hótun. KH telur ljóst að hér hafi verið látin falla ummæli, vissulega gróf, sem þó hafi ekki verið til þess fallin að rýra ímynd leiksins, KSÍ eða störf neinna starfsmanna innan raða KSÍ. Ummælin hafi verið hluti af rifrildi aðila og látin falla í kjölfar rasískra ummæla um leikmann KH, sem jafnframt hafi verið sonur þjálfara KH.

Hvað varðar atburðarrás inn í félagsheimili Sindra eftir leik þá mótmælir kærði öllum framburðar skýrslum sem Sindri leggur fram í málinu sem einhliða frásögn aðila nátengdum Sindra sem ekki sé unnt að leggja mat á. Leikmenn KH komu ekki „allir fram á gang“ og hegðun þeirra var á engan hátt ógnandi í því samhengi sem var uppi.

Leikmenn KH komu ekki „allir fram á gang“ og hegðun þeirra var á engan hátt ógnandi í því samhengi sem var uppi. Öll samskipti leikmanna Sindra og KH inn í félagsheimili Sindra að leik loknum finnst KH ekki eiga neitt erindi inn á borð aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þar sem engin ákvæði reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál hafi verið brotin og hafi þau verið brotin telur KH knattspyrnudeild Sindra jafn seka í því máli.

KH telur enga ástæðu til að fara í þetta nánar en áskilur sér rétt til þess að koma á framfæri vitnaskýrslu ef ætlun knattspyrnudeildar Sindra eða KSÍ er að fara með þetta leiðindamál á eitthvað sem gæti kallast lengri eða síðari stig. Það helsta sem KH vill setja út á kæru knattspyrnudeildar Sindra er að segja að þjálfari KH hafi átt upptökin að þessu máli, þar sem upptökin eru augljóslega ummæli forráðamanns Sindra sem KH telur sannanlega brjóta í bága við 15. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Þá telur KH einnig ósannað og vægast sagt mjög ólíklegt að hegðun þessi hafi valdið „alvarlegum áhrifum á utanaðkomandi aðila.

Hvað varðar spilun rússneska þjóðsöngsins þá getur KH ómögulega áttað sig á því hvert Sindri er að fara með þetta og vísar þessum ummælum á bug. Hvorki knattspyrnudeild Sindra né KSÍ getur með nokkru móti sett þá kröfu á leikmenn KH að þeir þekki til þess að litháenskur leikmaður leiki með félaginu og auk þess að þeir séu svo vel að sér í milliríkjapolítík að þeir hafi getað ímyndað sér að spilun þjóðsöngsins færi fyrir brjóstið á viðkomandi. KH gæti að sama skapi sett þá kröfu á leikmenn Sindra að þekkja leikmann KH, markahæsta leikmann allra deilda á Íslandi árið 2017 (23 mörk í 18 leikjum) sem er fæddur rússneskum foreldrum í Katrínarborg (Yektaterinburg) austur af Úralfjöllum í Rússlandi, en félaginu myndi ekki detta til hugar að áætla að leikmenn í 3. deild sem búa í bæjarfélögum sem eru eins langt frá hvor öðrum og hugsast getur innan landsins þekki baksögur hvors annars.

Spilun þjóðsöngs Rússlands hafði nákvæmlega ekkert með leikmannahóp Sindra að gera, lagið var spilað vegna rússneskrar tengingar leikmanns KH, hefur áður verið spilað inn í klefa hjá félaginu án athugasemda og auk þess er erfitt að sjá hvaða boðvald KSÍ hefur til þess að úrskurða um lagalista (e. playlist) knattspyrnufélaga inn í lokuðum klefa stuttu fyrir leik. Sé einhver vafi uppi innan knattspyrnuhreyfingarinnar um þetta atriði þá getur KH tekið það fram að félagið hvorki styður né sér neitt fyndið í innrásaraðgerðum Rússlands.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu hefur Knattspyrnudeild Sindra kært Knattspyrnufélagið Hlíðarenda fyrir framkomu leikmanna og þjálfara þess í tengslum við leik liðanna sem fram fór á heimavelli kæranda þann 3 september 2022 og krefst þess að kærða verði gerð hæfileg refsing skv. ákvæðum gr. 11.1, gr. 11.2 og/eða 12.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og þá eftir atvikum gr. 12.9 í síðastnefndri reglugerð auk 15. gr. reglugerðarinnar.

Um mál þetta hefur að nokkru leyti verið fjallað áður á vettvangi aga- og úrskurðarnefndar. Var kæranda þannig gerð sekt vegna ummæla starfsmanns kæranda, sbr. úrskurður aga- og úrskurðarnefndar, dags. 9. september 2022, sem tekin voru fyrir á fundi aga- og úrskurðarnefndar þann 6. september 2022.

Á sama fundi aga- og úrskurðarnefndar þann 6. september lá fyrir skýrsla dómara vegna fyrrgreinds leiks þar sem m.a. kom fram „...*Eftir leik fer þjálfari KH rakleidis upp að liðsstjóra Sindra með ofsalegri framkomu og upp úr því verða næstum hópslagsmál á gangi búningsklefa. Dómarateymið ákvað að gefa báðum aðilum rautt.*“

Voru viðkomandi aðilar úrskurðaðir í eins leiks bann á umræddum fundi á grundvelli framangreinds og var ekki talin ástæða til að beita frekar úrræðum, svo sem þyngingu leikbanna viðkomandi. Í ljósi þess að aga- og úrskurðarnefnd hefur þegar fjallað um umrætt tilvik í félagsheimili Sindra eftir lok leiks og úrskurðað um refsingu vegna þessa verður það ekki tekið aftur upp í kærumáli þessu.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hefur lögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda KSÍ og varða lög og reglur þess eftir því sem við á, sbr. gr. 2.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við gr. 2.3 getur nefndin m.a. beitt aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum og þjálfurum viðurlögum skv. lögum og reglum KSÍ.

Hefur nefndin því víðtæka lögsögu til að taka fyrir og úrskurða vegna atvika er koma upp í tengslum við knattspyrnuleiki í mótum á vegum KSÍ.

Hvað varðar þá kröfu kæranda að kærða verði gerð refsing skv. 15. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál fyrir að spila rússneska þjóðsönginn fyrir leik liðanna þá verður ekki talið, eins og aðstæðum er háttað í þessu máli, að með því að spila rússneska þjóðsönginn inni í lokuðum klefa liðsins fyrir leik, hafi falist mismunum eða að einstaklingi eða hópi á vegum kæranda hafi verið misboðið á grundvelli þjóðernisuppruna eða stöðu að öðru leyti þannig að í bága fari við ákvæði greinarinnar. Þó má taka undir gagnrýni kæranda hvað þetta varðar að nokkru leyti enda í besta falli ósmekklegt hjá kærða að spila þjóðsöng erlendrar þjóðar, sem stendur í stríðsrekstri í Evrópu um þessar mundir, í búningsaðstöðu fyrir leik í 3. deild Íslandsmótsins.

Í málinu liggur fyrir að Hallgrímur Dan Daníelsson lét eftirfarandi ummæli falla gagnvart starfsmanni kæranda „*Djöfull vona ég að þú keyrir út af og lendir í bílslysi og drepist*“ í leik liðanna þann 3. september 2022. Hefur hið kærða félag gengist við því að ummælin hafi verið látin falla af hálfu þjálfara liðsins.

Í gr. 4.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót kemur eftirfarandi fram:

Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina

Í gr. 4.2 í sömu reglugerð kemur eftirfarandi fram:

Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik

Þó Hallgrímur Dan Daníelsson hafi ekki verið skráður á leikskýrslu í fyrrgreindum leik sem þjálfari heldur sem leikmaður þá hefur komið fram í greinargerð kærða að hann hafi gengt hlutverki þjálfara í leiknum og verður við það miðað. Fær það jafnframt stoð í skýrslu dómara vegna leiksins.

Verður að telja að ummæli Hallgríms Dan séu alvarleg og ósæmileg og til þess fallin að rýra álit almennings á íþróttinni þó ekki verði talið að í þeim felist bein hótun gagnvart þeim aðila sem ummælin beindust að. Með þeim hafi Hallgrímur Dan brotið gegn ákvæðum 4.1 í reglugerð KSÍ um Knattspyrnumót. Með vísan til gr. 4.2 í sömu reglugerð er ljóst að hið kærða félag ber ábyrgð vegna þessa brots. Verða ummælin ekki talin afsakanleg þó upp hafi komið atvik nokkru áður er reitti þjálfara kærða til reiði.

Með vísan til gr. 34.7 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sbr. gr. 11.2 d) í reglugerð um aga- og úrskurðarmál verður hinu kærða félagi gerð sekt að fjárhæð kr. 50,000 vegna fyrrgreindra ummæla þjálfara liðsins sem voru viðhöfð í leik liðsins gegn kæranda þann 3. september 2002 í 3. deild Íslandsmóts karla.

V.

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

VI.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnufélagið Hlíðarendi skal sæta sekt að fjárhæð kr. 50,000.

Þröstur Ríkharðsson [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]